

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1623  
komudagur 21.3.2001



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 21. mars 2001.

**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands (521. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur ætíð stutt hugmyndir er miða að minni umsvifum ríkisins á fjármálamarkaði sem og á öðrum sviðum atvinnulífsins. Verslunarráð fagnar því framkomnu frumvarpi. Þó telur Verslunarráð að heppilegra hefði verið að leggja fram frumvarp til laga um heimild til sölu á hlutum ríkissjóðs í bönkunum og jafnframt að lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands yrðu felld niður. Ástæðan er sú að lög nr. 50/1997 eru í eðli sín lög sem upphaflega ættu að hafa tímabundið gildi. Þannig eru nú að baki þær aðstæður sem löggin taka mið af og þær breytingar sem þau kveða á um eru um garð gengnar. Flest ákvæði laganna hafa því ekki lengur þýðingu. Verslunarráð vill þó benda á að í 2. mgr. 7. gr. laganna er ákvæði sem undanþiggur umrædda banka frá ákvæðum laga um hlutafélög um fjölda hluthafa. Þó ólíklegt sé að á einhverjum tíma verði aðeins einn aðili um hluti bankans er óheppilegt að sérstök heimild til þess sé til staðar. Bankarnir hljóta að eiga að lúta lögum um hlutafélög eins og önnur hlutafélög. Því er æskilegt að 2. mgr. 7. gr. laganna falli brott og að í ofangreint frumvarp komi grein þess efnis.

Fari svo að heimild til frekari sölu hluta ríkisins verði nýtt er óeðlilegt að um bankana gildi sérstök lög. Með vísan til þessa og þess sem áður segir um raunhæft gildi laga nr. 50/1997 er því einnig æskilegt að í frumvarpið komi ný grein er gæti hljóðað svo:

**Lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands falla úr gildi þegar allir hlutir ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. hafa verið seldir eða ekki síðar en 31. desember 2002.**


Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is

Að endingu er rétt að benda á að hugtakið *hlutafé* er í frumvarpinu notað þar sem réttara væri að nota *hlutir* eða *hlutabréf*. Æskilegt er að hugtök séu notuð í lögum með samræmdum hætti og í þessu tilviki með hliðsjón af lögum um hlutafélög.

Verslunarráð vill að lokum ítreka ánægju sína með ofangreint frumvarp og hvetur til þess að það verði mjög fljótlega að lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigríður Ásthildur Andersen.